

**GJALDSKRÁ****vegna hundahalds á Suðurnesjum fyrir árið 1989.**

## 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, skal á árinu 1988 vera kr. 6 000 fyrir hvern hund. Gjaldldagi leyfisgjaldsins er 1. maí og eindagi 1. júní 1989.

## 2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. maí 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**GJALDSKRÁ****fyrir hundahald í Mosfellsbæ fyrir árið 1989.**

## 1. gr.

Gjald fyrir hvern hund í Mosfellsbæ sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellsbæ dags. 4. október 1988 skal vera kr. 450, fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði fyrir tímabilið 1. mars 1989 til jafnlengdar 1990.

Gjaldið skal greiðast fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga sem er 1. júní.

Heimilt er að innheimta dráttarvexti af vangoldnum gjöldum.

## 2. gr.

Handsömunargjald skal vera sem hér segir:

1. skipti . . . . .	kr. 4.000
2. skipti . . . . .	kr. 6.000
3. skipti . . . . .	kr. 8.000

## 3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. maí 1989.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*